



Landspítali
Páll Matthíasson, forstjóri
Eiríksgötu 5
101 Reykjavík

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8700 hrn@hrn.is
stjornar@radid.is

Reykjavík 28. janúar 2019
Tily.: HRN19011021/05.19.00

Efni: Aðgerðir til að styðja við betri mönnun hjúkrunarfræðinga.

Skortur á hjúkrunarfræðingum er alvarlegt vandamál innan heilbrigðisþjónustunnar og vegur að öryggi hennar. Hjúkrunarfræðingar eru hlekkur í keðju þekkingarstarfsmanna heilbrigðisþjónustunnar svo hægt sé að veita nauðsynlega þjónustu og nýta aðra innviði heilbrigðisþjónustunnar að fullu. Ríkisendurskoðun, Embætti landlæknis og heilbrigðisstofnánir staðfesta þessa alvarlegu stöðu. Það er því ljóst að nauðsynlegt er að fá fleiri hjúkrunarfræðinga til starfa, fá þá hjúkrunarfræðinga sem eru í öðrum störfum til að starfa við hjúkrun og að hækka starfshlutfall starfandi hjúkrunarfræðinga.

Heilbrigðisráðherra tók málid fyrir á fundi ráðherraneftndar um samræmingu mála þann 1. nóvember 2018. Þar lagði ráðherra fram 18 tillögur að aðgerðum með það að markmiði að laða fleiri hjúkrunarfræðinga til starfa og bæta mönnun þeirra. Auk heilbrigðisráðherra sátu einnig fundinn forsætisráðherra, fjármálaráðherra og menntamálaráðherra. Málinu var vísað til forsætisráðuneytisins til áframhaldandi vinnslu. Þann 21. desember 2018 fór málid aftur fyrir ráðherraneftnd um samræmingu mála. Þar var samþykkt að heilbrigðisráðherra myndi fela heilbrigðisstofnunum útfærslu níu tiltekinna atriða eða aðgerða til að vinna að áður nefndu markmiði. Í samræmi við þá niðurstöðu felur heilbrigðisráðherra því Landspítalanum að vinna að útfærslu eftirfarandi aðgerða:

1. Kanna samspliheilsueflingar og starfsumhverfis.
2. Réttur til sí- og endurmenntunar verði tryggður með hliðsjón af samningum samanburðarstéttu.
3. Skoða hvaða þættir geti haft áhrif til að laða hjúkrunarfræðinga til starfa, svo sem í starfsumhverfi o.fl.
4. Hvernig fjölga megi verknámsstöðum á stofnuninni.
5. Innleiða stjórnunarhætti á heilbrigðisstofnuninni sem byggja á umboði til athafna og rými til nýsköpunar og þróunar í starfi.
6. Breyta vinnufyrirkomulagi þannig að tími til að sinna kennslu verði tryggður.
7. Auka innleiðingu nýjunga og endurnýjun á tækjabúnaði með það að markmiði að veita svo góða þjónustu sem þekking leyfir og skapa góðar vinnuaðstæður.
8. Endurskoða vinnufyrirkomulag á heilbrigðisstofnuninni til að tryggja betur skilvirka og örugga þjónustu með því að færa sérfræðinga, s.s. sérfræðilækna og aðra sérfræðinga, meira í

framlínu þjónustunnar en nú er.

9. Endurskoða aðra þætti vinnufyrirkomulags, svo sem að tími til fataskipta fyrir og eftir vakt verði virkur vinnutími og metinn til starfshlutfalls/vinnutíma.

Við skoðun á framangreindu er því beint til stofnunarinnar að hafa einnig hliðsjón af sammingum samanburðarstéttu ef það styður við markmiðið. Við skoðunina er því einnig beint til stofnunarinnar að líta jafnframt til annarra heilbrigðisstéttu eftir því sem við getur átt til að tryggja mönnun þeirra stéttu, svo sem sjúkraliða.

Óskað er eftir að svar berist fyrir 16. febrúar 2019 með mögulegri útfærslu þessara aðgerða og kostnaðarmati þar sem það á við.



Svandís Svavarsdóttir
heilbrigðisráðherra



Elsa B. Friðfinnsdóttir
skrifstofustjóri